

Ár 2020, fimmtudaginn 5. nóvember er dómping Dómstóls Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara að Síðumúla 13, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 6/2020.

Jóhann Halldórsson

gegn

Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar (SÍH).

Gögn málsins nr. 1-10 liggja frammi.

Lögð eru fram dskj.:

- nr. 11. Endurrit þinghalds þann 12. október 2020.
- nr. 12. Athugasemdir kæranda dags. 12. október 2020.
- nr. 13. Móta- og keppnisregur STÍ.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

### DÓMUR:

#### I.

#### Dómkröfur.

Málið var höfðað með kæru móttkinni af skrifstofu ÍSÍ þann 23. september sl. Undirrituðum dómara var falin meðferð málsins. Með tilkynningu dags. þann 25. september sl var kærða gefinn kostur á að skila greinargerð. Greinargerð kærða barst dómstólnum þann 5. október sl.

**Kröfur kæranda:** Kærandi krefst þess að ákvörðun stjórnar hins kærða félags dagsett 16. september 2020 um „**að áminna kæranda fyrir hegðun í aðdraganda Íslandsmóts in Nordish Trap á Blöndósi 22-23. ágúst 2020**“ verði felld úr gildi.

**Kröfur kærða:**

Kærði krefst þess **aðallega að dómstóll ÍSÍ staðfesti gildi hinnar kærðu áminningar en til vara að málinu verði vísað frá domi.**

Við þingfestingu þann 12. október sl., var ákveðið að málið yrði flutt skriflega og aðilum gefinn kostur á að skila skriflegum athugasemdum í samræmi við ákv. gr. 27.8 í lögum ÍSÍ og var fresturinn til 19. október sl. Athugasemdir bárust frá kæranda þann 12. október sl..

## I. Málsatvik og málatilbúnaður kæranda.

Kærandi er félagsmaður í Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar (SÍH) þ.e. hið kærða félag, og skráði sig til keppni á Íslandsmóti í Nordisk trap á heimasíðu kærða sem heldur utan um skráningu keppenda á Sharepoint viðmóti í excel skrá á heimasíðu sinni. Á umræddum vef er einungis hægt að skrá sig í móti en ekki afskrá sig.

Umrætt móti var haldið á vegum skotíþróttafélagsins Markviss á Blönduósí dagana 22-23. ágúst 2020, og var annað móti ársins í viðkomandi keppnisgrein en fyrra mótið var haldið á vegum sama félags laugardaginn 6. júní.

Í aðdraganda Íslandsmóts Markviss í Nordisk trap kom upp umræða um fyrirkomulag keppnishalds m.a. hvort keppt yrði á einum eða tveimur dögum. Í samræmi við fyrri framvæmd fór öll upplýsingamiðlun vegna framangreinds keppnishalds fram á Facebook og var stofnuð sérstök síða vegna þessa af hálfu mótshaldara.

Að mati kæranda “*var ljóst að meirihluti keppanda var hlynntur því að keppnin færí fram á einum degi. Fjöldi skráðra keppanda var ekki nema 18 og því hægðarleikur að halda mótið á einum degi. Augljóst hagræði hefði verið að sliku fyrirkomulagi enda verulega aukinn tilkostnaður og umstang fyrir keppendur að leggja two daga undir keppnishald frekar en inn.*”

Kærandi skoraði á mótshaldara að halda mótið á einum degi í stað tveggja. Til að byrja með sendi kærandi skeytti á mótsstjóra með messenger á Facebook og birtast þau á dskj. nr. 2.

Í framhaldinu setti kærandi færslu á Facebook síðu keppninnar þar sem skorað var á mótsstjóra að halda mótið á einum degi. Röksemdir á bak við þessa áskorun voru þær sömu og komu fram í messenger samskiptum kæranda á dskj. nr. 2.

Þann 20. ágúst sendi kærandi skilaboð til mótsstjóra sbr. dskj. nr 3 og tilkynnti jafnframt að hann myndi ekki mæta til keppni. Mótsstjóri brást

við þessu með eftirfarandi ummælum “Það er leitt að heyra að þú sjáir þér ekki fært að mæta.”

Umrætt móti var síðan haldið á tveimur dögum helgina 22-23. ágúst. Alls voru 16 keppendur á mótinu en kærandi ásamt einum öðrum félagsmanni í SÍH, höfðu tilkynnt forföll eins og fram kemur í keppnisskýrslu Markviss sem birt var á fimmtudeginum 20. ágúst, sbr. dskj.nr. 3.

Í kjölfarið gerist það að kæranda barst greiðsluseðill þann 7. september að fjárhæð kr. 9.000,- frá kærða sbr, dskj. nr. 4. vegna þátttöku í umræddu móti. Kærandi mótmælti þessari kröfu kærða með tölvupósti sbr. dskj. nr. 5. Í kjölfarið var greiðsluseðillinn feldur niður.

Ekkert heyrist af málinu eftir þetta fyrr en þann 17. september s.l. þegar kæranda barst bréf kærða þar sem honum var veitt formleg áminning, sbr. bréf á dskj. nr. 6.

Áminnigin sem kærði veitti kæranda hljóðar svo:

- “1. *Pað er að mati stjórnar ekki sæmandi keppanda að vera að gangrýna keppnishaldara og vera að pressa á hann að breyta því hvernig móti er skotið á opinberi Facebooksíðu keppnishaldara.*
- 2. *Og að mæta ekki til keppni eins og keppandi hafði skráð sig til.*
- 3. *Sem hafði áhrif á liðakeppni SÍH því með því að mæta ekki þá fíll annað lið SÍH úr keppni.*”

Röksemadir kæranda fyrir kröfu sinni:

“1. *Hvað fyrsta lið röksemda kærða varðar þá er ekkert, að mati kæranda, sem réttlætir það að veita honum formlega áminningu vegna samskipta hans við mótsstjóra. Markviss hafði sjálft frumkvæði af samskiptum við skráða keppendur á FB síðu sem stofnuð var vegna keppnishaldsins og þar áttu sér stað ýmis skoðanaskipti. Þvert á móti er æskilegt að mati kæranda að keppendur hafi vettvang til þess að setja fram skoðanir sínar á tilhögun keppnishalds. Það að mótsstjóra misliki skoðanir keppanda getur ekki falið í sér röksemadir til þess að áminna keppendur fyrir “rangar skoðanir”. Sú staðreynd að mótsstjóri eyddi þeirri færslu, þar sem skorað var á félagið að halda mótið á einum degi í stað tveggja og studd var með ummælum annarra keppanda, ber glöggt vitni um ómálefnaða afstöðu mótsstjóra.*

*Ekkert í lögum ÍSÍ, viðkomandi sérsambands eða lögum SÍH leggur bann við því framferði sem til umfjöllunar er. Er því augljóst að mati*

*kæranda að hafna ber þessum rökstuðningi stjórnar SIH og fella áminningu úr gildi þegar af þessarri ástæðu.”*

*“2. Hvað varðar annan lið röksemda áminningar þá eru forsendur þeirra bersýnilega rangar. Kærandi tilkynnti mótsstjóra sannarlega að hann myndi ekki mæta til keppni þann 20. ágúst eins og mótsstjóri meðtók sjálfur samanber fylgiskjal nr. 2. Þar að auki var stjórn SÍH fullkunngt um þessa staðreynd þar sem einn stjórnarmanna SÍH, Kári Grétarsson, like-aði við svar mótsstjóra þar sem hún meðtók afskráningu kæranda. Hvað varðar form afskráningar þá er ítrekað að félagsvefur SÍH býður ekki upp á afskráningu í mótt eins og áður hefur komið fram.*

*Samkvæmt reglum STÍ gilda reglur STI02, Móta- og keppnisreglur STÍ, um framkvæmd keppnishalds á vegum aðildarfélaga. Í 12. gr. umræddra reglna kemur fram að boða skuli forföll á sannanlegan hátt til mótsshaldara í síðasta lagi sólarhring fyrir setningu móts (24 klst). Óumdeilt er að kærandi boðaði forföll á samskiptasíðu mótsins, sem mótsstjóri móttók, með svari til kæranda. Að auki staðfesti stjórnarmaður hins kærða félags hin boðuðu forföll.*

*Athygli vekur að annar skráður keppandi, Lúther Ólason, boðaði forföll sama dag og kærandi án þess að það hafi leitt til áminningar eða annarra eftirmála af hálfu stjórnar hins kærða félags.*

*Samkvæmt framangreindu er augljóst að önnur forsenda áminningar er beinlinis röng og því augljóst að rökstuðningur hins kærða félags að baki hinni formlegu áminningu stenst ekki.”*

*“3. Í þriðja lagi rökstyður hið kærða félag að áminningu beri að veita vegna þess að ákvörðun kæranda um að boða forföll hafi leitt til þess að B-lið hins kærða félags hafi ekki verið keppnisfært á mótsdegi.*

*Framangreindur rökstuðningur byggir augljóslega á röngum forsendum þar sem kærandi var ekki skráður á mótið eftir að forföll voru boðuð innan settra tímamarka. Að auki er fráleitt að áminna einn keppanda sem boðar lögmæt forföll, fyrir það að það hafi áhrif á fjölda keppanda. Með sömu rökum ætti að áminna alla keppendur sem boða lögmæt forföll þar sem það gæti haft áhrif á liðakeppni móta.*

*Að lokum er rétt að geta þess að kærandi hafði enga hugmynd um að hann hefði verið skráður til keppni í liðakeppni á vegum hins kærða félags og aldrei verið tilkynnt um slíkt.”*

### III.

#### Málatilbúnaður kærða.

Kærði bendir á að ár hvert er gefin út mótaskrá STÍ, þar (líkt og kærandi vísar til) voru tvö mótt skráð á Blönduósi hjá Markviss. Vegna fæðar keppenda á fyrra mótinu ákvað móttshaldari að höfðu samráði við keppendur að halda mótið á einum degi. Það var framkvæmanlegt þar sem einungis 8 keppendur voru skráðir til leiks.

Hvað varðar Skeet-mót SR (Skotfélag Reykjavíkur) 5. september 2020 var sú breyting að halda mótið á einum degi, einungis framkvæmanleg, þar sem SR hefur yfir að ráða fjórum keppnisvöllum í Skeet. Sú ákvörðun var tekin af móttshaldara í samráði við keppendur.

Að mati kærða hefur móttshaldari eðlilega ákvörðunarvaldið. Tilraunir til að innleiða annað hljóta að byggja á öðru hvoru, ómældri sérhyggju eða reynsluleysi. Nema hvoru tveggju sé.

Kærði telur það ekki rétt að meirihluti keppenda hafi verið hlyntur því að mótið skyldi haldið á einum degi.

Þá telur kærði að illframkvæmanlegt hafi verið að halda umrætt mótt á einum degi svo sem óskir kæranda stóðu til.

Umrætt Íslandsmót var auglýst í mótaskrá STÍ síðastliðinn vetur og var ljóst strax að það skyldi haldið á tveimur dögum.

Þá segir kærði: „*Peir sem óska eftir að taka þátt, tilkynna það til félags síns sem sér um að senda þátttökutilkynningu til móttshaldara. Það er ekki til marks um virðingu fyrir móttshaldara, félaginu sínu né íþróttinni að glamra í nöldurtón á Fb síðu um styttingu móts. Sjá fylgiskjal 1 og 2 frá kæranda.*

*Enn síður skildu menn fara að venjast því að skrá sig af léttuð til leiks í mótt og svo á seinni stigum líta svo á að það sé fullnægjandi að geðvonskast við úrsögn á Fb síðu sem sett er upp til upplýsingar fyrir keppendur.*

*"Mun ekki mæta" telst ekki vera kurteisleg né sérlega formleg úrsögn úr móti, -enn síður þegar á vantar að halda félagi sínu upplýstu með skýrum hætti.“*

Síðan segir kærði: „*Að mati kærða er ekki sómi að framgöngu kæranda í skrifum hans og hringli varðandi þátttöku í umræddu Íslandsmóti, Fb síða: 9. ágúst skrifar kærandi: "mæti ef mótið verður haldið á einum degi"*

10. ágúst skrifar kærandi á sama vettvangi "samkvæmt skýrum svörum Snjólaugar verður þetta haldið á tveimur dögum óháð fjölda keppenda" (grátkarl/emoji tákn).

Kærandi skráði sig samt til leiks þrátt fyrir þessi orð, upp úr því hófst svo ferli samskipta sem enduðu með því að mótmáldari eyddi út samskiptum á síðunni vegna neikvæðni og óviðeigandi orðaskaks.

Mótshaldari skuldar aldrei og ekki undir nokkrum kringumstæðum neinum skýringar á því hvers vegna farið sé eftir venjum, reglum eða auglýstri dagskrá.

Allt hjal kæranda um rök fyrir því af hverju ekki sé orðið við óskum hans er í besta falli hjákátlegt og í versta falli dónaleg afskipti sem hann hefur ekki stöðu til að vera með. "

Röksemadir og lagarök kærða:

„1. Rök og ástæður fyrir fyrstu grein áminningar hafa verið rakin hér að framan og með vísan í anda þeirra leiðbeinandi leikreglna sem skráðar eru í Gæðahandbók SÍH, sbr. fylgiskjal I, "Siðareglur ÍBH", sbr. fylgiskjal II og "Hegðunarviðmið ÍSÍ", sbr. fylgiskjal III, þá stendur ákvörðun SÍH um áminningu á hendur kæranda, óhöggud. Við lítum svo á að þó að ekki sé sérstaklega bannað að keppandi atist með framangreindum hætti í mótmáldara, þá séu allar greinar tilvísadra reglna framsettar til að halda aftur af framkomu og hegðan af þessu tagi.“

„2. Mótsstjórn Markviss tók gilda úrsögn kæranda, verandi orðin uppgefin á samskiptum og lét sér duga að harma að kærandi sæi sér ekki fært að mæta til leiks. Í sama svari kemur fullskýrt fram, ábending til kæranda um að honum beri að gera það með sannanlegum hætti. Kærða, (SÍH) ítrekar skoðun og túlkun okkar á að svona glamur er ekki formleg né sérstaklega sannanleg úrsögn úr Íslandsmóti.

Þess má geta að hinn keppandi SÍH sem forfallaðist tilkynnti bæði mótmáldara og félagi sínu um óviðráðanlegar aðstæður í fjölskylduhögum og fór því bæði að reglum og sýndi fyllstu prúðmennsku og hefur því bæði skilning mótmáldara og félaga sinna.“

„3. Illskiljanleg framsetning kæranda í 3ja lið röksemadafærslu er vart til svara tæk. Kærandi ber því við að hann hafi ekki vitað að keppt væri í liðakeppni. Kæranda ber samkvæmt áður tilvisuðum reglum að þekkja íþrótt sína og keppnisform. Kærandi hefur áður tekið þátt í móti og verið skráður í sveit/b-lið.

*Honum mátti vera fullljóst að brotthvarf hans á síðustu stundu mundi raska uppsetningu liða. Í hverri sveit eru 3 keppendur. Kærandi var 3. maður í b-sveit félagsins og skildi því two félaga sína eftir ógilda til sveitakeppni.*

*Að duttlungar á síðustu stundu skulu hafa þær afleiðingar, er ekki gott og að slíkt skuli gert af léttuð og borið við að kæranda hafi ekki verið tilkynnt um slíkt er enn og aftur kannski best skýrt með reynsluleysi eða sambandsleysi sem til kemur vegna hroka og skorts á vilja til samstöðu með félagi og forráðamönnum. Nú eða skorts á virðingu og skilningi á íþróttamannsheiðri og því sem fylgir að ætla að vera keppnismaður og til fyrirmynadar í félagi og meðal jafningja.“*

#### **IV. Forsendur og niðurstöður.**

Mál þetta er kært til Íþróttadómstóls ÍSÍ þar sem kærandi krefst þess að ákvörðun stjórnar hins kærða félags dagsett 16. september 2020 um „að áminna kæranda fyrir hegðun í aðdraganda Íslandsmóts in Nordish Trap á Blöndósi 22-23. ágúst 2020“ verði felld úr gildi.

Rétt er fyrst að taka afstöðu til frávísunarkröfu kærða (þó krafa kærða um frávísun sé varakrafa).

Ekki er að finna rökstuðning í greinargerð kærða fyrir frávísunarkröfunni auk þess sem það er mat dómsins að kærandi hafi rétt til að bera mál sitt undir dóminn þar sem Skotíþróttasamband Íslands hefur ekki á að skipa eigin dómstól með vísan til gr. 20.2 í lögum ÍSÍ.

Frávísunarkröfu kærða er því hafnað.

Þá liggur fyrir að taka efnislega afstöðu til kærunnar.

Eins og áður segir er tilefni kærunnar ákvöðun stjórnar kærða að áminna kæranda fyrir hegðun í aðdraganda Íslandsmóts in Nordish Trap á Blöndósi 22-23. ágúst 2020.

Áminningin er svohljóðandi:

*“1. Það er að mati stjórnar ekki sæmandi keppanda að vera að gangrýna keppnishaldara og vera að pressa á hann að breyta því hvernig mótt er skotið á opinberi Facebooksíðu keppnishaldara.*

*2. Og að mæta ekki til keppni eins og keppandi hafði skráð sig til.*

*3. Sem hafði áhrif á liðakeppni SÍH því með því að mæta ekki þá féll annað lið SÍH úr keppni. ”*

Um 1 lið:

Mótshaldari setti upp Facebook síðu til að auðvelda móthaldara og keppendum að eiga samskipti í aðdraganda umrædds móts og meðan á mótinu stóð.

Þessi vettvangur auðveldaði móthaldara og keppendum að eiga samskipti sín á milli m.a. um tilhögun mótsins ef aðilar vildu koma að sínum sjónarmiðum hvað það varðar. Þetta fyrirkomulag bauð að sjálfsögðu upp á opin samskipti á Facebook en breytti engum reglum um framkvæmd mótsins sem að sjálfsögðu var í höndum móthaldara.

Dómurinn fær ekki séð að skoðanaskipti kæranda við móthaldara, þar sem kærandi færði rök fyrir ósk sinni um að mótið yrði haldið á einum degi frekar en tveimur, sem fordæmi voru fyrir, hafi verið með þeim hætti að það réttlæti formlega áminningu á hendur kæranda.

Um lið 2:

Kærandi skráði sig úr keppni í samskiptum við móthaldar með sannanlegum hætti. Mótshaldari staðfesti móttöku með orðunum „Það er leitt að að heyra að þú sjáir þér ekki fært að mæta.“, sbr. dskj nr. 3.

Á dskj. nr. 3 er auk þess sett upp tímaplönn og skrá yfir keppendur þar sem m.a. kemur fram að kærandi hafi boðað forföll.

Dómurinn telur framagreint sýna fram á að ekki hafi verið tilefni af hálfu stjórnar kærða að áminna kæranda af þessum ástæðum.

Um lið 3.

Kærandi boðaði forföll svo sem að framan greinir með þeim fyrirvara sem Móta- og keppnisreglur STÍ gera ráð fyrir.

Forföll keppenda úr íþróttamóti geta komið til að ýmsum ástæðum s.s. persónulegum o.fl. Þegar úrsögnin liggur fyrir er keppandi ekki lengur þátttakandi í viðkomandi móti og ber ekki ábyrgð á hvernig úr spilast og þá geta aðrir þátttakendur komið í staðinn ef t.d. vantar til að fylla lið.

Dómurinn fellst ekki á að réttlætanlegt hafi verið af stjórn kærða að áminna kæranda af þessum ástæðum.

Af öllu framangreindu virtu er fallist á kröfu kæranda um að fella úr gildi ákvörðun stjórnar hins kærða félags dagsett 16. september 2020 um að

áminna kæranda fyrir hegðun í aðdraganda Íslandsmóts in Nordish Trap á Blönduósi 22-23. ágúst 2020.


**V.  
Dómsorð.**

Ákvörðun stjórnar Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar dagsett 16. september 2020 um að áminna kæranda fyrir hegðun í aðdraganda Íslandsmóts in Nordish Trap á Blönduósi 22-23. ágúst 2020 er felld úr gildi.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Frestur til að áfrýja máli þessu er ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ sem fjalla um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið.

  
Sigurður I. Halldórsson.